

ENDURRIT ÚR DÓMABÓK DÓMSTÓLS HSÍ

Ár 2018, föstudaginn 23. mars, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) kveðinn upp úrskurður í kærumálinu nr. 1/2018:

Handknattleiksdeild Umf. Selfoss
gegn
Íþróttabandalagi Vestmannaeyja og Handknattleiksdeild Fram

Málið dæmir Halldór Kr. Þorsteinsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem er dagsett 22. mars 2018 og móttekin hjá skrifstofu HSÍ sama dag. Kært er atvik í leik kærðu Íþróttabandalags Vestmannaeyja (ÍBV) og Handknattleiksdeild Fram (Fram) í Olís-deild karla þann 21. mars 2018. Úrskurður er kveðinn upp í málinu 23. mars 2018.

Frammi liggja dómskjöl merkt nr. 1-3:

1. kæra dags. 22. mars 2018
2. tölvupóstur dags. 22. mars 2018
3. greiðslukvittun dags. 23. mars 2018
4. ítrekun á kæru dags. 23. mars 2018
5. frétt Vísis dags. 22. mars 2018

Dómkröfur kæranda

Kærandi gerir þær kröfur, **aðallega** að endurtekinn verði sá leiktími sem eftir var eftir að hið kærða atvik átti sér stað, en **til vara** að leikurinn verði spilaður aftur í heild sinni.

Málsatvik

Kærandi kveður atvik málsins vera þau, að þann 21. mars 2018 hafi kærða ÍBV teflt fram of mörgum leikmönnum á síðustu sekúndum leiksins gegn kærðu Fram. Kærandi var ekki aðili að leiknum en úrslit leiksins réðu því að kærða ÍBV stóð uppi sem deildarmeistari í Olís-deild karla 2017-18.

Í frétt Vísis sem kærandi hefur lagt fram með kæru segir að ringulreið hafi gripið um sig meðal leikmanna ÍBV eftir að Agnar Smári Jónsson skoraði það sem reyndist vera sigurmark leiksins og að það hafi endað með að þeir hafi verið átta inni á vellinum sem sé ekki leyfilegt. Þar sem þetta hafi gerst á síðustu sekúndum leiksins hefði Magnús Stefánsson átt að fá rautt spjald og Fram að fá víti. Hefði Fram skorað af vítapunktinum hefði Selfoss orðið deildarmeistari.

Málsástæður kæranda

Kærandi heldur því fram að framkvæmd leiksins hafi brotið í bága við leikreglur IHF, sbr. ákvæði 4:1 og 4:4, þar sem kærða ÍBV hafi haft átta leikmenn inni á vellinum samtímis. Brotið varði brottvísun leikmanns í samræmi við ákvæði 4:5 og 16:3 í umræddum leikreglum. Kærandi telur að dæma hefði átt kærðu Fram vítakast sbr. ákvæði 8:10 c leikreglnanna, sbr. einnig ákvæði 14:1 og 14:2. Kærandi telur sig hafa ríka hagsmuni af því að framkvæmd leiksins fari

rétt fram þar sem úrslit leiksins ráði því hvort kærða ÍBV eða kærandi standi uppi sem deildarmeistari í Olísdeild karla 2017-18.

Niðurstaða dómsins

Kæra barst dómstóli HSÍ innan við 24 klukkustundum frá því hið kærða atvik átti sér stað. Hún uppfyllir því skilyrði 35. gr. laga HSÍ. Þá teljast form- og efnisskilyrði 36. gr. sömu laga uppfyllt.

Samkvæmt 31. gr. laga HSÍ skulu dómstólar HSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSÍ og varða lög og reglur HSÍ eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar. Samkvæmt 33. gr. sömu laga hefur hver sá einstaklingur og það félag kærurétt/rétt til málskots, sem misgert er við og hagsmuni hefur af niðurstöðu máls. Samkvæmt þessu þarf kærandi að uppfylla tvö skilyrði til að geta kært atvik til dómstóls HSÍ, annars vegar að hafa hagsmuni af niðurstöðu máls og hins vegar að vera sá sem misgert er við.

Hið kærða atvik átti sér stað í leik á milli hinna kærðu félaga, Fram og ÍBV. Kærandi finnur að því að dómarrar hafi ekki tekið á meintu leikbroti kærða ÍBV í samræmi við leikreglur og vísar í því samhengi til leikreglna IHF.

Þegar umræddar leikreglur IHF eru skoðaðar sést að þær fjalla um handboltaleiki á milli tveggja liða. Eðli máls samkvæmt getur brot gegn tilvísuðum ákvæðum leikreglnanna aðeins falið í sér misgerð gagnvart þátttakanda í tilteknum leik en ekki öðrum, jafnvel þótt önnur lið eða einstaklingar geti haft hagsmuni af úrslitum leiksins.

Þar sem kærandi í þessu máli var ekki aðili að umræddum leik verður ekki fallist á að kærandi uppfylli það skilyrði 33. gr. laga HSÍ að misgert hafi verið við hann þótt dómarrar hafi látið tiltekið atvik óátalið. Með vísan til þessa er málinu vísað frá dómstólnum þar sem kæranda skortir málskotsheimild skv. ákvæði 33. gr. laganna. Ekki er tekin afstaða í þessum úrskurði til síðara skilyrðis sama ákvæðis, þ.e. hvort kærandi hafi hagsmuni af niðurstöðu málsins.

Úrskurðarorð

Kæru Handknattleiksdeildar Umf. Selfoss gegn Íþróttabandalagi Vestmannaeyja og Handknattleiksdeild Fram dags. 22. mars 2018 er vísað frá dómi.

Halldór Kr. Þorsteinsson

